

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Þriðjudaginn 18. febrúar 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir að breyting yrði gerð á dagskrá og að tilnefning nefndarmanns í tómstunda- og menningarmálanefnd yrði tekið fyrir undir 8. lið Fundarmenn samþykktu breytingu á dagskrá.

Dagskrá:**1. Skýrsla skoðunarmanna**

Fyrir fundinum lá skýrsla skoðunarmanna vegna 2018 þar sem þeir gera grein fyrir athugun sinni á bókhaldi sveitarfélagsins. Skýrslan var til kynningar.

2. Tillaga að breytingu á samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á samþykktum um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar þar sem lagt er til að svohljóðandi ákvæði í 53. gr. samþykktu verði felld út: „Sveitarstjórn kýs að afloknum kosningum tvo skoðunarmenn sem starfa í samráði við endurskoðanda sveitarfélagsins.“

Sveitarstjórn ræddi tillöguna og vísaði til annarrar umræðu.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2019. Er viðaukinn til kominn vegna viðauka við fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Austur – Húnvetninga 2019 sem samþykktur var á fundi sveitarstjórnar þann 13. nóvember sl.

Viðauka sem lá fyrir var stillt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Viðauki vegna rekstrar			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
04	Fræðslu- og uppeldismál	Byggðasaml. v. Tónlistarskóla A. Húnvetninga	2.500
Samtals viðauki vegna rekstrar :			2.500
Breyting á viðauka við fjárhagsáætlun er mætt með :			



Lækkun á handbæru fé:

-2.500

Sveitarstjórn samþykkti viðaukann og að honum yrði mætt með lækkun á handbæru fé.

4. Samningur um skógrækt

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi um skógrækt á Skagaströnd milli sveitarfélagsins og Skógræktarinnar. Samstarfið var áður tekið til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 15. apríl 2019. Sveitarstjórn ræddi samningsdrögin með áorðnum formbreytingum og fól sveitarstjóra að skrifa undir hann.

5. Samningar um Bjarmanes, Fellsborg, tjaldsvæði og skólamáltíðir

Fyrir liggur að leigusamningar um Bjarmanes, Fellsborg og skólamáltíðir renni út á árinu og að samningur um rekstur á tjaldsvæði sé runninn út. Sveitarstjórn ræddi samningana og stöðu rekstrareininga undanfarin misseri. Ákveðið var að auglýsa allar rekstrareingar lausar og var sveitarstjóra falið að annast framkvæmdina.

6. Ökuhraði í sveitarfélaginu

Í 7. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að hámarkshraði skuli tilgreindur í heilum tugum að undanteknum hámarksökuhraðanum 15 km/klst. Hraði innanbæjar í sveitarfélaginu er í dag 35 km/klst. Var sveitarstjóra falið að vinna að útfærslu á breytingum og leggja fyrir sveitarstjórn.

7. Samningur um þjónustu trúnaðarlæknis

Fyrir fundinum lágu drög að samningi sveitarfélagsins við Vinnuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis fyrir sveitarfélagið. Ræddi sveitarstjórn samninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

8. Tilnefning í tómsunda- og menningamálanefnd

Hafrún Kjellberg var tilnefnd í tómsunda- og menningamálanefnd og var tilnefningin samþykkt samhljóða.

9. Bréf

a. Sölufélags Austur- Húnavetninga dags. 9.01.2020

Fyrir fundinum lá erindi SAH þar sem sveitarfélögum í Austur-Húnavatnssýslu eru boðnir hlutir félagsins í Ámundakinn ehf. til kaups. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að þiggja ekki boðið.



b. Umhverfisstofnunar dags. 10.01.2020

Með erindinu er fjallað um endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu. Kemur fram að samkvæmt gögnum úr gagnagátt Umhverfisstofnunar hafi endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu numið 12,4% sem er 37,6% frá settu markmiði árið 2020. Þá kemur fram að úrgangstölfraði sú er vísað er til í bréfinu sé ekki til marks um stöðu sveitarfélagsins þar sem að vandkvæði eru við skráningu. Er sveitarfélagið hvatt til þess að efla skráningu í samvinnu við hagaðila. Erindið er til kynningar.

c. Skipulags- og byggingafultrúa Skagafjarðar dags. 13.01.2020

Með erindinu eru greint frá viðbrögðum við umsögnum um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Er tekið undir mikilvægi þess að unnið verði að því að skýra mörk sveitarfélaganna, en fram að því verði mörkin tilgreind sem óviss á skipulagsuppráttum.

d. Náttúruhamfaratrygginga Íslands dags. 14.01.2020

Með erindinu eru áréttuð þau mannvirki sem skylt er að váttryggja hjá NTÍ. Var sveitarstjóra falið að fylgja erindinu eftir.

e. Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra dags. 16.01.2020

Með erindinu er sveitarfélaginu tilkynnt um að Úthlutunarefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra hafi ákveðið að úthluta kr. 900.000 til verkefnisins „Heimaslóðir Jóns Árnasonar“. Erindið var til kynningar.

f. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 16.01.2020

Með erindinu er sveitarfélaginu send úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á slökkviliði Skagastrandar 2019. Var sveitarstjóra falið að fara yfir niðurstöður úttektar með slökkviliðsstjóra og vinna að úrbótum.

g. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17.01.2020

Með erindinu eru kynntar viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka. Erindið var til kynningar.



h. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. 01.2020

Með erindinu boðar Samband íslenskra sveitarfélaga til landsþings sem fer fram 26. mars nk. Óskað er eftir því að tilkynnt sé um breytingar á kjörnum fulltrúum sem kosnir hafa verið til landsþings ef einhverjar eru. Engar breytingar hafa orðið á kjörnum fulltrúum hjá sveitarfélaginu. Erindið var til kynningar.

i. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 20.01.2020

Í erindinu kemur fram að sveitarfélög skuli skila húsnæðisáætlunum fyrir 1. mars ár hvert. Erindið var til kynningar.

j. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra dags. 20.01.2020

Með erindinu er óskað eftir nöfnum kjörinni þingfulltrúa á ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

k. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30.01.2020

Með erindinu eru sendar leiðbeiningar um framlínustarfsemi vegna kórónaveiru. Erindið var til kynningar.

l. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 10.02.2020

Með erindinu er óskað eftir útskýringum á því að þó að áætlað sé að jafnvægisreglu sé fylgt að þá sé rekstrarniðurstaða A-hluta neikvæð árin 2020-2023. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

m. Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 12.02.2020

Með erindinu er auglýst eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Erindið var til kynningar.

n. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13.02.2020

Með erindinu er óskað eftir athugasemdum við það frumvarp sem er í samráðsgátt stjórnvalda þar sem um er að ræða eignarráð og nýtingu fasteigna. Erindið var til kynningar.

10. Fundargerðir

a. Siglingaráðs dags. 7. nóvember 2019
Fundargerð var lögð fram til kynningar

b. Stjórnar SSNV dags. 17. janúar 2020



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fundargerð var lögð fram til kynningar

c. Stjórnar SSSNV dags. 4. febrúar 2020

Fundargerð var lögð fram til kynningar

d. Hafnasambands Íslands dags. 20. janúar 2020

Fundargerð var lögð fram til kynningar

e. Framkvæmdaráðs Sameiningarnefndar A-Hún. dags. 21. janúar 2020

Fundargerð var lögð fram til kynningar.

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. janúar 2020

Fundargerð var lögð fram til kynningar.


11. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:25


Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson


Kristín B. Leifsdóttir


Péturína L. Jakobsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson


ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR
Alexandra Jóhannesdóttir

